



Tillögur stjórnar VR á aðalfundi 26. mars 2025

Tillaga stjórnar um löggiltan endurskoðanda reiknisárið 2026

„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand, miðvikudaginn 26. mars 2025, samþykkir að endurskoðunarskrifstofan PWC hf. sjái um endurskoðun félagsins fyrir reiknisárið 2026.“

Tillaga stjórnar um félagslega kjörna skoðunarmenn

„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand miðvikudaginn 26. mars 2025, samþykkir að skoðunarmenn VR, sbr. 27. gr. laga VR, verði Þóra Skúladóttir Öfjörð og Sveinn Enok Jóhannsson. Til vara verði Kristján Gísli Stefánsson.“

Tillaga stjórnar um ákvörðun félagsgjalds

„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand miðvikudaginn 26. mars 2025, samþykkir að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af heildarlaunum, og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum afgreiðslufólks frá og með sama tíma. Félagsgjaldið skiptist þannig að 0,65% renna í Félagssjóð VR og 0,05% renna í Vinnudeilusjóð VR.“

Tillaga stjórnar um laun stjórnarmanna

„Aðalfundur VR, haldinn á Grand hóteli miðvikudaginn 26. mars 2025, samþykkir að stjórnarlaun verði 81.612 kr. á mánuði fyrir komandi starfsár stjórnar. Varamenn fái sömu stjórnarlaun og aðalmenn í stjórn VR, fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei meira sem nemur einum stjórnarlaunum.

Tillaga að formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, formaður Orlofsstjórnar VR og varaformaður stjórnar VR fái 1,5 stjórnarlaun á mánuði eins og verið hefur. Auk þess fá stjórnarmenn og varastjórnarmenn 6.849 kr. fyrir hvern setinn nefndarfund í nefndum á vegum VR.

Auk þess er heimilt að greiða stjórnarfólki tímakaup vegna starfa fyrir félagið eins og vegna þinga ASÍ og LÍV, eða fyrir setu í ráðum og nefndum á vegum VR sem ekki er greitt sérstaklega fyrir. Greiðsla þessi jafngildir launatapi sem stjórnarfólk verður fyrir en að lágmarki greiðist tímakaup sem jafngildir meðal dagvinnukaupi félagsfólks VR í janúar 2025.

VR greiðir ferðakostnað til Reykjavíkur vegna stjórnarfunda stjórnarmanna VR sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.“

Tillaga stjórnar um laun skoðunarmanna

„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand miðvikudaginn 26. mars 2025, samþykkir að greiða hverjum skoðunarmanni VR 81.612 kr. á ári.“